



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 14. fundur stjórnar KLÍ, 2012-2013

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Miðvikudagur 4.4.2013 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) formaður
Heiðar Rafn Sverrisson (HRS)
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) varamaður
Ingi Geir Sveinsson (IGS)
Jón Grímsson (JG)
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður

Boðuð forföll: Höskuldur Höskuldsson (HH)
Ólafur Páll Vignisson (ÓPV)
Sigurbjörn St. Vilhjálmsson (SSV) starfsmaður KLÍ

Fjarverandi: Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður

Fundarritari: HRS

Helstu mál: Tækninefnd-olíuburður, Norðurlandamót U23 2013, Erlend samskipti, AMF styrkur, Önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Tækninefnd-olíuburður:

Fjallað var um tölvupóst frá Hafþóri Harðarsyni vegna mælinga sem gerðar voru á olíuburði á Akranesi og einnig um viðbrögð mótanefndar við munnlegri beiðni Hafþórs um að bikarleik ÍA og ÍR-KLS yrði frestað þar til hægt væri að gera samanburðarmælingar á olíuburði, en mótanefnd taldi að ekki væri hægt að fresta leik á þeim forseddum. Farið var yfir hlutverk Tækninefndar og vísað í reglugerð til áréttingar. IGS svaraði því að til að Tækninefnd gæti sinnt hlutverki sínu þyrfti að þjálfarinn hafi til þess að tryggja mannskap til þeirra verka. Einnig benti IGS á að mælingar hafi verið gerðar á Akranesi fyrr á árinu og upplýsingar um það væru í salnum og það væri eini salurinn sem það hafi verið gert í. Ákveðið var að stjórn KLÍ fylgi því eftir að Tækninefnd KLÍ fari eftir reglugerð í framtíðinni. Stjórn samþykkti að það ástand sem er á keilusölum í dag er viðurkennt út keppnistímabilið. Einnig leggur stjórn KLÍ það til við Tækninefnd að nefndin vinni í því að hver keppnisstaður hafi sinn olíuburð í deild og bikar á næsta ári.

2. Norðurlandamót U23 6-10. nóv. 2013:

ÞMP afhenti landsliðsnefnd boðsbref í Norðurlandamót U23 og tók IGS við því fyrir hönd landsliðsnefndar. ÞMP óskar eftir því að vera upplýstur um framvindu undirbúnings.

3. Erlend samskipti:

FIQ of WTBA Congress 31.ágúst-1.sept. 2013.

ÞMP óskaði eftir að sendur yrði fulltrúi á þing FIQ of WTBA sem haldið verður í framhaldi af heimsmeistaramótinu í Las Vegas 16.-31. ágúst. Ákveðið var að senda ÞMP á þetta þing og hann verði jafnframt aðstoðarmaður þjálfara á meðan á mótinu stendur. Samþykkt með fyrirvara um að fjárhagur sambandsins leyfi það.

Norræni fundurinn 18-21. okt. 2013.

ÞMP óskaði eftir að sendur yrði fulltrúi á fund norrænna keilusambanda, sem fram fer í tengslum við ECC 2013 í Bratislava í Slóvakíu 21-28. okt. Jafnframt myndi sá aðili kynna sér hvernig mótahaldið fer fram þar sem ECC2014 verður haldið á Íslandi ásamt því að aðstoða landsliðsmenn í mótinu. Samþykkt að ÞMP fari á norræna fundinn og ECC2013.

4. AMF-styrkur:

Stjórn KLÍ samþykkti að styrkja keppenda sem vinnur sér inn þátttökurétt á AMF mótið sem fram fer í Krasnoyarsk í Serbíu 15-24. nóv. 2013 um 50.000,- og rennur það til þess keppenda sem ekki fær greitt undir sig frá AMF.

5. Önnur mál:

ÞMP lagði fram beiðni frá Theódóru Ólafsdóttir þar sem hún óskar eftir styrk til að sækja þjálfaranámskeið sem gefur henni kennsluréttindi, og var samþykkt að styrkja hana um 150.000.- vegna þess.

Rætt var um hvernig standa skuli að uppbyggingu landsliðshóps 50 ára og eldri og var LHM falið að undirbúa það.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:00.
Næsti fundur hefur ekki verið ákveðin.